

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Hlaðbær-Colas KVM Hafnarfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	6.9.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hlaðbær-Colas KVM	<b>Eftirlitsmaður</b>	Frigg Thorlacius
<b>Heimili</b>	Gullhelli 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4201871499	<b>Flokkur</b>	Malbik
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Harpa Þrastardóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	26.82.9
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steingrímur Bragason	<b>Staðsetning</b>	352977,735 396393,374

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi Hlaðbær Colas að Gullhelli 1 í Hafnarfirði. Eitt nýtt frávik kom fram er varðar starfsleyfisskylda starfsemi án starfsleyfis og ein ábending var gerð er varðar uppfærslu á viðbragðsáætlun. Tvö eldri frávik haldast opin er varða mælingar í frárennsli og byggingu fínefnageymslu en unnið er eftir úrbótaáætlun. Staðfestar voru úrbætur vegna mælinga í útblæstri og telst því frávik verið lokið.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með malbikunarstöð Hlaðbær Colas KVM að Gullhelli 1 í Hafnarfirði. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Vöktun, innra eftirlit og skráningar
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa
4. Tryggingar
5. Eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Í stöðinni er heimilt að framleiða allt að 240 tonn/klst af malbiki, auk þess er heimilt að reka á lóðinni tilheyrandi hráefnageymslu, verkstæði og aðra þjónustu fyrir eigin starfsemi. Starfsleyfi stöðvarinnar gildir til 1. apríl 2020 og samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er unnið að undirbúningi umsóknar um nýtt starfsleyfi. Fyrirhuguð er stækkun þar sem fyrirtækið hefur tekið á leigu lóð við hliðina á Gullhelli 1, að Silfurhelli 3, og nýtir sem geymslu á hráefnum sem ekki rúmast innan lóðar fyrirtækisins að Gullhelli 1. Við eftirgrennslan í kjölfar eftirlits kom í ljós að ekki er starfsleyfi fyrir starfseminni að Silfurhelli 3, hvorki hjá Umhverfisstofnun né heilbrigðisnefnd. Geymsla hráefna og endurnýting úrgangs er starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd, ef önnur starfsemi en geymsla og endurnýting fer fram á lóðinni s.s. starfsemi sem að einhverju leyti er hluti af starfsemi malbikunarstöðvar þá er slíkt starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun.

Rætt var um skráningar, sbr. gr. 3.2. Viðhald, eftirlit og bilanir eru allar skráðar í sérstakt skráningakerfi, fram kom að engar bilanir hefðu orðið í ár. Olíugildur og setþrær eru tæmdar 1-2 sinnum á ári. Úrgangur sem fellur til hjá fyrirtækinu fer í viðeigandi farveg, til endurvinnslu eða förgunar. Allt malbik er endurunnið og einnig er tekið á móti malbiki til endurvinnslu.

Mælingar í útblæstri og á hljóðstigi sýna að mæligildi eru í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Í frárennsli eru gildi á olíu/fitu innan marka en gildi á svifögnum eru nokkuð yfir kröfum í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur áður mótmælt þessari kröfu í starfsleyfinu og jafnframt lagt fram úrbótaáætlun og farið í aðgerðir þar sem reynt hefur verið að hreinsa frárennslikerfið, þær aðgerðir hafa ekki borið tilætlaðan árangur. Í stöðinni er verið að prófa mælibúnað fyrir síritandi mælingar í útblæstri, teknar eru stakar mælingar á útblæstrinum og niðurstöðurnar notaðar til að kvarða mælibúnaðinn. Verkefnið er í gangi til áramóta 2019/2020 og ef vel gengur verður þessi búnaður nýttur áfram í stöðinni sem og í öðrum malbikunarstöðvum á vegum rekstraraðila.

Rekstraraðili kynnti viðbragðsáætlanir fyrirtækisins m.a. vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda. Lagðar voru fram nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna tilkynninga um mengunaróhöpp og er rekstraraðila bent á að uppfæra viðbragðsáætlanir sínar með hliðsjón af leiðbeiningunum ef þörf er á. Helsta breytingin er að tilkynningar til Umhverfisstofnunar um mengunaróhöpp skulu berast á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Rekstraraðili lagði fram tryggingarskírteini fyrirtækisins og eru tryggingar í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Farið var yfir útstandandi frávik og niðurstöður eftirlits 2018. Frávik vegna ryks í útblæstri kom fram í eftirlitum 2016 og 2017. Í eftirliti nú kom fram að mælingar hefðu verið gerðar í útblæstri í ágúst 2018 og september 2019 sem og að

nú væru gerðar síritandi mælingar í útblæstrinum. Staðfest er að úrbætur vegna fráviksins hafa verið gerðar og telst frávikinu því lokið. Frávik vegna svifagna í frárennsli og olíu/fitu kom fram í eftirlitinum 2016 og 2017. Gildi á olíu/fitu í frárennsli er nú innan marka starfsleyfisins en gildi á svifögnum er enn yfir mörkum, frávikíð helst því opið. Frávik vegna byggingar fínefnageymslu kom fram í eftirliti 2017, fram kom að áætluð verklok væru í nóvember n.k., frávikíð helst opið og verða úrbætur teknar út í næsta eftirliti.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits. Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá mati á umhverfisáhættu starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati sem unnið verður samhliða eftirlitum ársins, í lok árs mun áhættumatið verða skoðað heildrænt og nýtt sem grunnur að gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Að fundi loknum leiddu fulltrúar rekstraraðila skoðunarferð um athafnasvæðið að Gullhelli 1 sem og ekið var að athafnasvæði að Silfurhelli 3. Athafnasvæðið er vel skipulagt, snyrtilegt og ekki tilefni til athugasemda.

Frávik frá	Lýsing á frávik
6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Á lóðinni að Silfurhelli 3 er rekin starfsleyfisskyld starfsemi án starfsleyfis.



## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlanir sínar með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa, ef þörf er á.

## ANNAÐ

Einnig voru viðstaddir eftirlitið fyrir hönd Hlaðbær Colas Gísli Eymarsson og Heimir Hafliðason.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.10.2019



---

Sigríður Magnúsdóttir

